Akraneskaupstaður
Skjal nr. 10.9 | Mótt af. Gsó | Mótt dags. 10. NOV. 2017
Ábm. SH | Úrv. aðili SH | Málsnr. One 1711097

Íbúðalánasjóður

Akraneskaupstaður
Stillholti 16-18
300 Akranesi

8. nóvember 2017
*Tilvísun:* 1701744

## Beiðni um frekari gögn með umsókn

Íbúðalánasjóði hefur borist umsókn frá Akraneskaupstað um stofnframlög ríkisins á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir. Sótt er um vegna kaupa á einni íbúð á Akranesi sem verður nýtt sem félagslegt leiguhúsnæði. Við fyrstu yfirferð á umsókninni kom í ljós að eftirtalin gögn vantar, en þau þurfa að liggja fyrir svo hægt sé að taka hana til frekari skoðunar:

Íbúðirnar

- Kaupsamningur um íbúðina eða samþykkt kauptilboð og eftir því sem við á áætlun um kostnað vegna kaupanna og breytingar eða endurbætur.

Öll framangreind gögn hefðu átt að liggja fyrir við lok umsóknarfrests, 31. október sl., sbr. 12. gr. laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 og 14. gr. reglugerðar um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfseignarstofnanir og almennar íbúðir nr. 555/2016. Ákveðið hefur verið að veita viðbótarfrest til skila á gögnunum og rennur sá frestur út þann **15. nóvember nk. kl. 16:00**. Skila þarf gögnum fyrir það tímamark til þess að hægt verði að taka umsóknina til efnislegrar meðferðar. Vinsamlegast skilið gögnum á netfangið stofnframlag@ils.is.

Ef tilefni er til er áskilinn réttur til að óska eftir frekari gögnum og skýringum á síðari stigum.

Ef einhverjar spurningar eru hafið þá endilega samband við eftirtalda starfsmenn Íbúðalánasjóðs eða sendið fyrirspurn á stofnframlag@ils.is:

| | | |
|---|---|---|
| Laufey L. Sigurðardóttir | laufey@ils.is | 569 6974 |
| Elmar Erlendsson | elmar@ils.is | 569 6984 |
| Herdís B. Brynjarsdóttir | herdisb@ils.is | 569 6964 |

Virðingarfyllst

f.h. Íbúðalánasjóðs,

Laufey L. Sigurðardóttir

Laufey L. Sigurðardóttir